


Hulda Kristjánsdóttir

From: Ragnheiður Sigurðardóttir <ragnheidur@umfi.is>
Sent: þriðjudagur, 14. maí 2024 14:04
Cc: hallamargret99
Subject: Ungmennaráðstefnan: Ungt fólk og lýðræði 2024
Attachments: UFL24_Kynningarbréf.pdf

Hæ hó,

Nú erum við í Ungmennaráði UMFÍ byrjuð að undirbúa ungmennaráðstefnuna Ungt fólk og lýðræði 2024.

Þar sem þú mættir í fyrra, þá sendum við þér upplýsingar um ráðstefnuna í ár 

Ráðstefnan fer fram dagana 20. – 22. september á Reykjum í Hrótafirði.

Yfirskrift ráðstefnunnar er: **UNGT FÓLK OG LÝÐHEILSA**. Við komum til með að einblína á alla þætti heilsu, þ.e. félagslega-, andlega, og líkamlega heilsu .


Allt ungt fólk á aldrinum 15 – 30 ára er velkomið. Engin skylda er að vera í ungmennaráði - allt ungt fólk á tilsettum aldri er velkomið!

Í viðhengi er að finna kynningarbréf með nánari upplýsingum.

Hér er hlekkur á skráningarform: <https://forms.gle/Jo7Zig2U88zyMaNu5>

Hér er viðburður á Facebook: <https://www.facebook.com/events/460228883173591/>

Hér er hlekkur á upplýsingar á heimasíðu UMFÍ: <https://www.umfi.is/vidburdir/ungt-folk-og-lydraedi/>

Ef þú ert með einhverjar spurningar þá er um að gera að smella á okkur tölvupósti 

Bestu kveðjur fyrir hönd Ungmennaráðs UMFÍ,
Halla Margrét Jónsdóttir, formaður Ungmennaráðs UMFÍ og
Ragnheiður Sigurðardóttir, verkefnasjóri UMFÍ og starfsmaður Ungmennaráðs UMFÍ.



Allar upplýsingar sem fram koma í þessum tölvupósti eru trúnaðarmál.
Þær eru eingöngu ætlaðar skráðum viðtakanda eða viðtakendum.
Öllum öðrum er óheimill aðgangur að þessum tölvupósti.
Ef þú ert ekki sá sem tölvupósturinn er ætlaður er þér óheimilt
að upplýsa um hann, afrita hann eða dreifa honum.



UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS
Engjavegur 6, 104 Reykjavík
568 2929, umfi@umfi.is

Reykjavík, 13. maí 2024

UNGT FÓLK OG LÝÐRÆÐI 2024

Ungmennaráð Ungmennafélags Íslands (UMFÍ) stendur fyrir ungmennaráðstefnunni Ungt fólk og lýðræði dagana 20. – 22. september á Reykjum í Hrótafirði.

Yfirskrift ráðstefnunnar er: *Ungt fólk og lýðheilsa.*

Eins og nafnið gefur til kynna er ráðstefnan fyrir ungt fólk á aldrinum 15 - 30 ára. Allt ungt fólk á tilsettum aldri er velkomid á ráðstefnuna.

TÆKIFÆRI TIL SKOÐANASKIPTA

Ungt fólk sem hefur komið á ráðstefnuna í gegnum árin segir hana haft afar góð áhrif. Fólk hafi aukið félagslega hæfni sína og lært að vinna með gildi eins og samstöðu, lýðræði og vináttu. Valdefling hafi falist í þátttökunni. Þátttakendur hljóta tækifæri til að mynda sér skoðanir og koma þeim á framfæri við jafningja og ráðafólk. Viðburðurinn gefur þannig þátttakendum tækifæri til að hlusta á ólíkar upplifanir og sjónarmið, brjóta ísinn í samskiptum við aðra og fara út fyrir þægindarammann.

FJÖLBREYTT DAGSKRÁ

Dagskráin verður eins og alltaf með fjölbreyttu sniði. Boðið er upp á hópefli og samveru, áhugaverðan fróðleik og uppörvandi og hvetjandi vinnustofur. Fólk úr stjórnmalum og atvinnulífi mætir á ráðstefnuna og fá þátttakendur tækifæri til að byggja upp tengslanet til framtíðar.

Fjöldi þátttakenda er takmarkaður og því þarf að haska sér með skráningu. Fullorðinn einstaklingur þarf að fylgja þátttakendum yngri en 18 ára. Þátttökugjald er 15.000 kr. fyrir hvern þátttakanda. Innifalið eru ferðir, uppihald og ráðstefnugögn. Rúta fer frá þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík á föstudeginum og til baka á sunnudeginum sem þátttakendur eru hvattir til þess að nýta sér. Fyrir þau sem ekki geta nýtt sér rútuna er hægt að sækja um styrk fyrir ferðakostnaði til UMFÍ. Skila þarf inn kvittunum á sérstöku eyðublaði sem sent verður út eftir viðburðinn.

Athygli er vakin á því að viðburðurinn er vímuefnalaus, það sama á við um rafsígarettur og nikótínþúða.

Skráning er hafin og stendur til 11. september. [Smelltu hér til þess að skrá.](#)

Allar upplýsingar um ráðstefnuna má finna á [umfi.is](#).

Fyrir hönd Ungmennaráðs UMFÍ,

Halla Margrét Jónsdóttir

Halla Margrét Jónsdóttir, formaður Ungmennaráðs UMFÍ.

Hulda Kristjánsdóttir

From: Framkvæmdasjóður ferðamannastaða - FERDA
<framkvaemdasjodur@ferdamalastofa.is>
Sent: þriðjudagur, 7. maí 2024 11:07
To: Hulda Kristjánsdóttir; Árni Eiríksson
Cc: Sveitarstjóri Flóahrepps; Framkvæmdasjóður ferðamannastaða - FERDA
Subject: U23100255 Ásavegur: synjun á styrk
Attachments: Synjun umsóknar.pdf; Gæðamatsblað.pdf

Góðan daginn.

Vinsamlegast kynnið ykkur meðfylgjandi gögn.

Með góðri kveðju, starfsfólk Ferðamálastofu.

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar þennan tölvupóst.
Please consider the environment before printing.

[Email disclaimer](#)

Flóahreppur
Þingborg
801 Selfossi

Reykjavík 7.5.2024
Tilvísun: U23100255 / 05.02 Framkvæmdasjóður ferðamannastaða

Efni: Synjun umsóknar um styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.

Menningar- og viðskiptaráðherra hefur staðfest tillögu stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða vorið 2024.

Alls bárust 125 umsóknir um styrki að fjárhæð kr. 2.927.214.428,-. Í ljósi fjölda umsókna og takmarkaðs fjármagns til úthlutunar reyndist einungis unnt að styrkja 29 umsóknir. Til úthlutunar voru kr. 538.700.000,-.

Hér með tilkynnist að því miður reyndist ekki unnt að verða við umsókn yðar vegna „*Asavegur - Menning og saga í Flóahreppi*“ þar sem að verkefnið náði ekki tilskildum stigafjölda en þau verkefni sem hlutu styrk fengu að lágmarki 33 stig. Sjá nánari umsögn í meðfylgjandi gæðamatsblaði.

Samkvæmt 21. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 getur styrkumsækjandi óskað eftir rökstuðningi fyrir ákvörðuninni. Skrifleg beiðni þess efnis skal berast Ferðamálastofu rafrænt innan 14 daga frá dagsetningu tilkynningar þessarar á netfangið framkvæmdasjodur@ferdamalastofa.is.

Virðingarfyllst,
F.h. Ferðamálastofu

Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir, sérfræðingur

Helena Þ. Karlsdóttir, forstm.
Stjórnsýslu- og umhverfissviðs

Málsnúmer U23100255		
Matsblað stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða við yfirferð styrkumsókna		
Er verkefnið styrkhæft, skv. lögum nr. 75/2011 ?		já
a) Uppbygging, viðhald og verndun mannvirkja og náttúru á ferðamannastöðum/ferðamannaleiðum sem eru í eigu eða umsjón sveitarfélaga eða einkaaðila. Það er jafnframt markmið laga þessara að stuðla að jafnari dreifingu ferðamanna um landið og styðja við svæðisbundna þróun.		
b) Framkvæmdir sem varða öryggi ferðamanna og verndun náttúru á ferðamannastöðum/ferðamannaleiðum í eigu eða umsjón sveitarfélaga jafnt sem einkaaðila.		x
c) Nauðsynleg undirbúnings- og hönnunarvinna vegna verkefna sem eru styrkhæf skv. liðum a) eða b). Fyrirhuguðu verkefni skal í umsókn lýst svo skilmerkilega að mögulegt sé að meta styrkhæfi þess.		
Fylgja umsókn nægjanleg og viðeigandi gögn, skv. 8. gr. reglugerðar nr. 782/2017 ?		
s.s. kostnaðaráætlun, deiliskipulag, framkv.eyfi, samþ.landeigenda og skipulagsyfirvalda, o.s.frv.		
	já	x
	nei	
Gögn sem vantar/er ábótavant:		

Heiti verkefnisins og stutt lýsing:	
<p>Ásavegur - Menning og saga í Flóahreppi: Til stendur að útbúa bílplan við sitthvorn enda gönguleiðarinnar ásamt því að útbúa fræðsluskilti við upphaf og enda og við merka sögulega staði á leiðinni. Koma þarf upp hliðum og/eða girðingastigum til að bæta aðgengi þeirra sem fara gönguleiðina og auka um leið öryggi göngumanna og dýra á svæðinu. Stika þarf gönguleiðina til þess að auka öryggi og stuðla að náttúruvernd með skýrri gönguleið.</p>	
Áætlaður heildarkostnaður:	
10.001.596	
Umbeðin styrkupphæð:	
8.001.277	

Flokkun umsóknar: umsækjandi þarf að velja annað hvort I eða II eftir eðli verkefnisins	
Gæðaviðmið skv. 9. gr. reglugerðar nr. 782/2017: 0 - 80 stig.	
I - Þjónusta/aðstaða á ferðamannastað/ferðamannaleið: Um er að ræða: 1) verkefni á stað, sem ekki er nú þegar skilgreindur sem ferðamannastaður en viðkomandi hefur áhuga að gera hann að slíkum - ný uppbygging, 2) nýja þjónustu eða aðstöðu á þegar skilgreindum ferðamannastað. Framkvæmdir mun auka afköst staðarins/svæðisins og/eða tengist öryggi eða náttúruvernd.	
Mikilvægi vegna náttúruverndar: Verkefni hefur engin áhrif á náttúru, verkefni kemur í veg fyrir afturkræfar skemmdir á náttúru, verkefni kemur í veg fyrir stórfelldar og óafturkræfar skemmdir á náttúrunni, allt að 20 stig.	x
Mikilvægi vegna öryggis ferðamanna: Verkefni hefur engin áhrif á öryggi, verkefnið er til þess fallið að koma í veg fyrir léttvæg, alvarleg og mjög alvarleg slys, allt að 20 stig.	x
Áfangastaðáætlun (DMP): Er verkefnið tilgreint í áfangastaðáætlun svæðisins og hvernig fellur verkefnið að áherslum FF, allt að 10 stig.	x
Uppbygging: Nýnæmi verkefnisins, verkefnið bætir ferðamennsku á veikri árstíð/veiku svæði, bætir úr skorti á grunnþjónustu, bætir aðgengi fyrir hreyfihamlaða, eykur afköst, unnið í samræmi við aðrar skipulagsáætlanir, heildræn stefnumótun og/eða er með langtíamarkmið að leiðarljósi, fræðslugildi eða tekur mið af íslenski sögu og menningu, vistvænar áherslur eða sjálfbær hugsun, opnunartími eða aðgengi að ferðamannastaðnum sjálfum, allt að 30 stig.	x
Heildareinkunn: Getur verið frá 0 - 80 stig.	x

II - Úrbætur vegna náttúruverndar og/eða öryggis á ferðamannastað/ferðamannaleið: Um er að ræða 1) verkefni þar sem verið er að bæta eða lagfæra núverandi aðstöðu á ferðamannastað sem tengist öryggi eða náttúruvernd, 2) bætt afköst við móttöku ferðamanna en þjónustustig er ekki útvíkkað. Ef um skipulags- og/eða byggingarleyfisskylda framkvæmd er að ræða, þá þarf að velja I - (Ný) þjónusta/aðstaða á ferðamannastað/ferðamannaleið.	
Mikilvægi vegna náttúruverndar: Verkefni hefur engin áhrif á náttúru, verkefni kemur í veg fyrir afturkræfar skemmdir á náttúru, verkefni kemur í veg fyrir stórfelldar og óafturkræfar skemmdir á náttúrunni, allt að 20 stig.	4
Mikilvægi vegna öryggis ferðamanna: Verkefni hefur engin áhrif á öryggi, verkefnið er til þess fallið að koma í veg fyrir léttvæg, alvarleg og mjög alvarleg slys, allt að 20 stig.	4
Áfangastaðáætlun (DMP): Er verkefnið tilgreint í áfangastaðáætlun svæðisins og hvernig fellur verkefnið að áherslum FF, allt að 10 stig.	6
Afmörkuð uppbygging: Verkefnið bætir ferðamennsku á veikri árstíð/veiku svæði, bætir grunnþjónustu, aðgengi fyrir hreyfihamlaða, um er að ræða varanlegar lausnir, fjöldi ferðamanna sem heimsækja staðinn, vistvænar áherslur eða sjálfbær hugsun, opnunartími eða aðgengi að ferðamannastaðnum sjálfum, verkefnið kemur í veg fyrir/bætir út tjóni sem getur dregið úr virkni og/eða aðdráttarafli hans, allt að 30 stig.	9
Heildareinkunn: Getur verið frá 0 - 80 stig.	23

Umsögn stjórnar:

Markmið verkefnisins er að útbúa bílplan við sitthvorn enda gönguleiðarinnar ásamt því að útbúa fræðsluskilti við upphaf og enda og við merka sögulega staði á leiðinni. Einnig að koma upp hliðum og/eða girðingastigum til að bæta aðgengi þeirra sem fara gönguleiðina og auka um leið öryggi göngumanna og dýra á svæðinu. Ásamt því að stika gönguleiðina til þess að auka öryggi og stuðla að náttúruvernd með skýrri gönguleið. Í ljósi þeirrar fjárhæðar, sem er til úthlutunar verður að forgangsraða verkefnum. Í samræmi við ofangreint og eðli sjóðsins, sem samkeppnisjóðs, nær verkefnið ekki nauðsynlegum stigafjölda til úthlutunar styrks að þessu sinni.

Nýtt húsnæði fyrir meðferðarheimilið Lækjarbakka



Elmar Erlendsson, framkvæmdastjóri húsnæðissviðs Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, og Funi Sigurðsson, framkvæmdastjóri meðferðarsviðs Barna- og fjölskyldustofu við undirritun leigusamnings í dag

Meðferðarheimili Barna- og fjölskyldustofu, Lækjarbakki á Rangárvöllum, hefur fengið nýtt húsnæði. Heimilinu var lokað í apríl vegna myglu. Það mun hefja starfsemi á nýjum stað í Hamarskoti í Flóahreppi í næsta mánuði.

Heimilið er hið eina sinnar tegundar á landinu. Það býður upp á langtímameðferð fyrir drengi sem lokið hafa meðferð á Stuðlum. Hún er ætluð unglingum, á aldrinum 14 til 18 ára, sem glíma við alvarlegan vanda á borð við vímuefnaneyslu, ofbeldi, afbrot, skóla- og námserfiðleika eða sálfélagslegan vanda, þegar önnur úrræði duga ekki til.

Leit að nýju húsnæði hefur verið í forgangi hjá mennta- og barnamálaráðuneytinu og Barna- og fjölskyldustofu frá því að loka þurfti húsnæðinu á Rangárvöllum, í góðu samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneytið og fleiri aðila. Hamarskot býr yfir heppilegum húsakosti fyrir meðferðarheimili en þar hefur áður verið rekið heimili fyrir börn.

„Þrotlaus vinna hefur farið í að finna meðferðarheimilinu Lækjarbakka nýjan stað og fagnaðarefni að það hafi tekist. Hver dagur sem líður án viðundandi aðstöðu er einum degi of mikið, fyrir drengina á meðferðarheimilinu og einnig fjölskyldur þeirra. Í Hamarskoti er hægt að hefja starfsemina að nýju sem fyrst og til langs tíma,“ segir Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra.

Barna- og fjölskyldustofa rekur meðferðarheimilið Lækjarbakka. Þar eru allt að sex drengir hverju sinni í um sex mánuði en tímalengd meðferðar er mismunandi eftir einstaklingum.

Sérstök áhersla er lögð á að virkja drengina í tómstundum, skóla og vinnu með það að augnamiði að hjálpa þeim við að takast á við áskoranir að meðferð lokinni. Við lok meðferðar stendur þeim til boða sex mánaða eftirfylgd.

Hamarskot er í eigu hins opinbera í gegnum Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og er leigt af Barna- og fjölskyldustofu til reksturs meðferðarheimilisins.

Hulda Kristjánsdóttir

From: Sveitarstjóri Flóahrepps
Sent: þriðjudagur, 28. maí 2024 12:22
To: 'funi.isgurdsson@studlar.is'
Cc: Árni Eiríksson
Subject: FW: Nýtt húsnæði fyrir meðferðarheimilið Lækjarbakka

Takk fyrir svarið Funi

Ég reikna með að við leggjum fréttatilkynninguna af vef ráðuneytisins fram til kynningar á fundi sveitarstjórnar næsta þriðjudag. Við heyrum svo í ykkur í kjölfarið ef við óskum eftir því að fá frekari kynningu eða samtal.

Bestu kveðjur
Hulda

From: Funi Sigurðsson - BOFS <funi.sigurdsson@studlar.is>
Sent: mánudagur, 27. maí 2024 16:14
To: Sveitarstjóri Flóahrepps <floahreppur@floahreppur.is>; Anný Ingimarsdóttir <anny@arnesthing.is>
Cc: Árni Eiríksson <arni@floahreppur.is>
Subject: RE: Nýtt húsnæði fyrir meðferðarheimilið Lækjarbakka

Sæl

Sú ráðstöfun að færa starfsemi meðferðarheimilisins Lækjarbakka í húsnæði Hamarskots gekk í gegn á föstudaginn síðast og þá undirrituðum við á Barna- og fjölskyldustofu leigusamning við HMS. Við höfum því ekki haft neitt til að hafa samráðu um fyrr en á föstudaginn. Skráning í fasteignaskrá er að landeign sé jörð en ekki íbúðarhúsalóð eins og tilgreint er þegar um slíkar lóðir er að ræða. Það er heldur ekki tilgreint sérstaklega um notkun í samþykktu deiliskipulagi síðan 2006 annað en hvað sé heimilt að byggja. Verð að viðurkenna að ég er ekki nægilega að mér í skipulagsfræðunum en geri ráð fyrir að sveitarfélagið hafi á sínum tíma verið meðvitað um hvaða starfsemi hafi verið hjá fyrrum eiganda og nú er verið að halda áfram sambærilegri starfsemi.

Ekki er gert ráð fyrir sérstöku samráði við barnaverndarþjónustu á því svæði sem meðferðarheimili er rekið, enda eru ekki neina auknar eða aðra skyldur á barnaverndarþjónustunni þar sem meðferðarheimilið er staðsett. Áður var í lögum að barnavernd hafði hlutverk í leyfisveitingu en það var felt úr lögum. Ég hafði ekki rætt þetta við Anný þar sem það var ekkert fast í hendi og eingöngu eitthvað sem við höfðum óskað eftir þ.e að fá húsnæði í Hamarskoti.

Meðferðarheimilið Lækjarbakki er með samstarfssamning við Laugalandsskóla í Holtum og sjá þeir um kennslu þeirra barna sem eru í vistun. Sá samningur rennur út eftir næsta skólaár. Við höfum ekki í hyggju að gera breytingu á því fyrr en rennur út. Þegar það gerist, kemur til greina að eiga samtal við sveitarfélagið og skólan um samstarfssamning.

Við undirritun leigusamningsins höfum við færi á að sækja um breytingu á starsleyfi og verður það klárað á næstu dögum. Við erum með starfsleyfi fyrir starfseminni, en ekki á þessu tiltekna stað.

Við gerum ekki ráð fyrir sérstakri kynningu, en sé þess óskað að við komum og kynnum starfseminna þá erum við boðin og búin að gera það.

Það er leitt að heyra að þessi starfsemi sé að valda íbúum sveitarfélagsins og nágroñnum Hamarskots óöryggi.



Kveðja,

Funi Sigurðsson
Framkvæmdarstjóri meðferðasviðs/Director of Treatment

Barna – og fjölskyldustofa/ The National Agency for Children and Families
Borgartún 21, 105 Reykjavík
Sími (+354) 530 2600
www.bofs.is - [Fyrirvari](#) - [Persónuverndarstefna](#)

græn SKREF



Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður

<https://www.bvs.is/adgengi/>

From: Sveitarstjóri Flóahrepps <floahreppur@floahreppur.is>

Sent: 27 May 2024 12:48

To: Anný Ingimarsdóttir <anny@arnesthing.is>; Funi Sigurðsson - BOFS <funi.sigurdsson@studlar.is>

Cc: Árni Eiríksson <arni@floahreppur.is>

Subject: RE: Nýtt húsnæði fyrir meðferðarheimilið Lækjarbakka

You don't often get email from floahreppur@floahreppur.is. [Learn why this is important](#)

Sæl verið þið

Ég verð að lýsa furðu minni yfir algjöru samráðsleysi við sveitarfélagið varðandi þetta mál. Það er frábært að þessi mikilvæga starfsemi geti nýtt Hamarskot en það er mörgum spurningum ósvarað varðandi þetta mál.

Anný nefnir hér að neðan að hún hafi spurst fyrir um hverjar skyldur barnaverndarþjónustu á vegum sveitarfélagsins væru varðandi úrræðið og fékk þau svör að það yrði samtal um málið sem varð svo ekki.

Einnig er mörgum spurningum ósvarað varðandi skólagöngu þeirra einstaklinga sem koma til með að vera í Hamarskoti. eru þeir skráðir í skóla hér, hver sinnir kennslu og svo framvegis. Skólustjóri Flóaskóla hefur þegar haft samband við mig um þetta mál og kallar eftir upplýsingum.

Svo má nefna að við svona samráðsleysi og skort á upplýsingum þá vakna spurningar hjá íbúum sveitarfélagsins og nágrennum Hamarskots. Fá þau kynningu frá ykkur? verður þetta grenndarkynnt áður en sótt verður um starfsleyfi? og svo mætti áfram telja. Skortur á upplýsingum veldur íbúum óryggi. Í þessu samhengi er vert að nefna að þrír bæir þar sem er lögheimili og föst búseta eru innan við 1 km frá Hamarskoti.

Ég óska hér með eftir frekari upplýsingum varðandi starfsemina, skyldur og aðkomu sveitarfélagsins að málinu. Við erum alltaf tilbúin í að funda með ykkur og ráðuneytinu vegna málsins.

Með kveðju,
Hulda Kristjánsdóttir

Hulda Kristjánsdóttir
Sveitarstjóri Flóahrepps
hulda@floahreppur.is
www.floahreppur.is | 480 4370 | Þingborg



Þessi tölvupóstur og/eða viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Ef sending þessi hefur ranglega borist má ekki skrá neitt úr póstinum hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt er móttakanda skylt að gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist, sbr. fyrirmæli 9.mgr.47.gr laga nr. 81/2003 um fjarskipti.

From: Anný Ingimarsdóttir <anny@arnesthing.is>
Sent: föstudagur, 24. maí 2024 16:40
To: Funi Sigurðsson - BOFS <funi.sigurdsson@studlar.is>
Cc: Sveitarstjóri Flóahrepps <floahreppur@floahreppur.is>
Subject: RE: Nýtt húsnæði fyrir meðferðarheimilið Lækjarbakka

Sæll Funi og til hamingju með þetta – ég hef Huldu sveitarstjóra Flóahrepps hér í cc en á fundinum sem þú varst að ræða þetta fyrri 3-4 vikur spurðist ég fyrir um hverjar skyldur barnaverndarþjónustu væru á svæðinu þegar svona úrræði kæmi og mér skyldist að það yrði eitthvað samtal við okkur og jafnvel þyrfti grenndarkynningu. Er þetta eitthvað sem á eftir að gera t.d. heyrði ég í sveitarstjóra Flóahrepps sem hafði ekki neitt frétt af þessu.
Kv. Anný

Með kveðju
Anný Ingimarsdóttir, félagsráðgjafi
deildarstjóri velferðarþjónustu
Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings
Launrétt 6, Laugarási – 806 Selfoss
Sími: 480-1180
anny@arnesthing.is
www.arnesthing.is



Þessi tölvupóstur og/eða viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Ef sending þessi hefur ranglega borist má ekki skrá neitt úr póstinum hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt er móttakanda skylt að gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist, sbr. fyrirmæli 9.mgr. [47.gr.](#) laga nr. 81/2003 er að ræða um fjarskipti

The information transmitted, including any attachment, may contain confidential and/or privileged material and is intended only for the addressee. If you receive this in error, please keep the information confidential, contact the sender and delete the material from your system.

From: Funi Sigurðsson - BOFS <funi.sigurdsson@studlar.is>
Sent: föstudagur, 24. maí 2024 14:20
Subject: Nýtt húsnæði fyrir meðferðarheimilið Lækjarbakka

Sæl öll

Við færum ykkur þau gleðitíðindi að meðferðarheimilið Lækjarbakki er komið með nýtt og betra húsnæði. Í dag var undirritaður leigusamningur og mun heimilið vera staðsett í Hamarskot í Flóahreppi. Með þessu er óvissunni eytt og hægt að hefjast handa við að gera húsnæði tilbúið undir starfseminu. Við erum mjög þakklát Mennta- og barnamálaráðuneytinu fyrir að hafa hjálpað okkur að koma þessu í kring og láta þetta ganga upp.

Læt hér fylgja fréttatilkynningu frá ráðuneytinu:



Kveðja,

Funi Sigurðsson
Framkvæmdarstjóri meðferðasviðs/Director of Treatment

Barna – og fjölskyldustofa/ The National Agency for Children and Families
Borgartún 21, 105 Reykjavík
Sími (+354) 530 2600
www.bofs.is - [Fyrirvari](#) - [Persónuverndarstefna](#)

græn SKREF



Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður

<https://www.bvs.is/adgengi/>

Hulda Kristjánsdóttir

From: Davíð Sigurðsson <david@utu.is>
Sent: fimmtudagur, 30. maí 2024 11:37
To: Hulda Kristjánsdóttir
Subject: RE: Starfsleyfi Lækjarbakki-Hamarskot

mótttekið

Með kveðju,
Davíð Sigurðsson
Byggingarfulltrúi

From: Hulda Kristjánsdóttir <hulda@floahreppur.is>
Sent: miðvikudagur, 29. maí 2024 11:57
To: Davíð Sigurðsson <david@utu.is>
Subject: FW: Starfsleyfi Lækjarbakki-Hamarskot

Sæll Davíð

Ég vil biðja þig um að vera meðvitaður um þetta mál ef þú færð eitthvað inn á þitt borð varðandi Hamarskot. Ég veit til þess að það var búið að gera einhverjar breytingar innanhúss þarna og svo er einnig munur á starfsemi Lækjarbakka og þeirri sem var áður í Hamarskoti og hugsanlegt að það þurfi að gera aðrar kröfur þar sem þessi fyrirhugaða starfsemi er fyrir unglunga sem glíma við alvarlegan hegðunarvanda. Hamarskot var úrræði fyrir aðeins eldri einstaklinga sem voru komnir lengra í sínum bata.

*Hamarskot var áður ætlað til vistunar unglunga frá 16 ára aldri á vegum barnaverndarnefnda, fyrir börn sem lokið hafa meðferð á vegum Barnaverndarstofu og sem eiga ekki afturkvæmt á heimili sitt. Heimilið er ekki ætlað til vistunar í bráðatilvikum.
Nú er verið að tala um meðferðarrúrræði fyrir unglunga sem glíma við alvarlegan hegðunarvanda þegar önnur vægar úrræði hafa ekki dugað til.*

Bestu kveðjur
Hulda

From: Hulda Kristjánsdóttir
Sent: þriðjudagur, 28. maí 2024 15:14
To: 'Sigrún Guðmundsdóttir' <sigrun@hsl.is>
Cc: Árni Eiríksson <arni@floahreppur.is>
Subject: RE: Starfsleyfi Lækjarbakki-Hamarskot

Pósturinn kemur frá framkvæmdastjóra BOFS sem heitir Funi Sigurðsson en hann hefur þá væntanlega verið með upplýsingar frá forstöðumanninum.

Kærar þakkir fyrir að skoða þetta með okkur Sigrún.

bestu kveðjur
Hulda

From: Sigrún Guðmundsdóttir <sigrun@hsl.is>
Sent: þriðjudagur, 28. maí 2024 15:07
To: Hulda Kristjánsdóttir <hulda@floahreppur.is>

Cc: Árni Eiríksson <arni@floahreppur.is>
Subject: RE: Starfsleyfi Lækjarbakki-Hamarskot

Sæl Hulda

Þetta er ekki svona einfalt eins og forstöðumaðurinn virðist hafa lýst fyrir þér, ég talaði við hana í síma í síðustu viku og útskýrði að hún þyrfti að sækja um nýtt starfsleyfi á nýjum stað og ég taldi hana hafa alveg meðtekið það. Til að taka af allan vafa þá mun ég senda henni tölvupóst.

Svona almennt þegar við höfum móttengið umsókn um starfsleyfi þá sendum við hana ávallt á byggingafulltrúa til umsagnar. Hann metur hvort viðkomandi starfsemi samrýmist skipulagi og hvort hann telji að húsnæðið uppfylli kröfur sem eru gerðar til starfseminnar. Stundum fer hann í úttekt, en við hreyfum okkur ekki fyrr en byggingafulltrúi gefur grænt ljós.

Ég skil áhyggjur ykkar og það er fínt að fá þessar upplýsingar á þessu stigi. Ég get þá heyrt ofan í forstöðumanninn með þetta.

Verðum í sambandi.

Kveðja,
F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,



Sigrún Guðmundsdóttir

framkvæmdastjóri

Austurvegi 65, 800 Selfoss - Sími: 480-8250 - www.hsl.is

**Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst.
Please consider the environment before printing.**

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Sá sem fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekur við símskeytum fjarskiptamerkjum og táknum eða hlustar á samtöl má ekki skrá neitt slíkt hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt ber honum að tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist sér. Skylt er að gæta fyllsta trúnaðar í slíkum tilfellum, sbr. 5. mgr. 47. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003.

This message (including any attachments) contains confidential information intended for a specific individual and purpose, and is protected by law. If you are not the intended recipient, you should delete this message and are hereby notified that any disclosure, copying, or distribution of this message, or the taking of any action based on it, is strictly prohibited.

From: Hulda Kristjánsdóttir <hulda@floahreppur.is>

Sent: þriðjudagur, 28. maí 2024 14:47

To: Sigrún Guðmundsdóttir <sigrun@hsl.is>

Cc: Árni Eiríksson <arni@floahreppur.is>

Subject: Starfsleyfi Lækjarbakki-Hamarskot

Sæl og blessuð Sigrún

Nú stendur til að meðferðarheimilið Lækjarbakki í Rangárbíngi Ytra færi starfsemi sína í Hamarskot í Flóahreppi.
<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2024/05/24/Nytt-husnaedi-fyrir-medferdarheimilid-Laekjarbakka/>

Framkvæmdastjóri Barna- og fjölskyldustofu sendi mér eftirfarandi varðandi starfsleyfi:

„Við undirritun leigusamningsins höfum við færi á að sækja um breytingu á starsleyfi og verður það klárað á næstu dögum. Við erum með starfsleyfi fyrir starfseminni, en ekki á þessu tiltekna stað.“

Er þetta í alvöru svona auðvelt að þau geti bara sótt um breytingu á starfsleyfi og verið þá komin með starfseminu í annað húsnæði í öðru sveitarfélagi? Þarf ekki að taka út húsið í Hamarskoti áður en starfsleyfi verður gefið út að nýju þar?

Nú er Hamarskot í mikilli nálægð við bæi og þrjár bæir sem eru í innan við 1 km fjarlægð frá verðandi meðferðarheimili.

Hamarskot hefur staðið autt í þónokkurn tíma og mér skilst að áður en fyrrum eigandi missti eignina til ríkisins þá hafi hann verið búinn að gera einhverjar breytingar þar þannig að það er ekki víst að allt sé nákvæmlega eins innandyra og þegar þarna var starfsemi áður.

Hamarskot var áður ætlað til vistunar unglunga frá 16 ára aldri á vegum barnaverndarnefnda, fyrir börn sem lokið hafa meðferð á vegum Barnaverndarstofu og sem eiga ekki afturkvæmt á heimili sitt. Heimilið er ekki ætlað til vistunar í bráðatilvikum.

Nú er verið að tala um meðferðarrúrræði fyrir unglunga sem glíma við alvarlegan hegðunarvanda þegar önnur vægar úrræði hafa ekki dugað til.

Ég velti fyrir mér hvort ekki þurfi að fara fram ný úttekt Brunavarna og Heilbrigðiseftirlits ásamt því að nágrennar fái kynningu áður en starfsleyfi er gefið út?

Bestu kveðjur

Hulda

Hulda Kristjánsdóttir

Sveitarstjóri Flóahrepps

hulda@floahreppur.is

www.floahreppur.is | 480 4370 | Þingborg



Þessi tölvupóstur og/eða viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Ef sending þessi hefur ranglega borist má ekki skrá neitt úr póstinum hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt er móttakanda skylt að gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist, sbr. fyrirmæli 9.mgr.47.gr laga nr. 81/2003 um fjarskipti.

Hulda Kristjánsdóttir

From: Katrín Ósk Þráinsdóttir - MMS <Katrinosk@midstodmenntunar.is>
Sent: mánudagur, 27. maí 2024 10:55
To: aldís@fludir.is; Ásta Stefánsdóttir; sveitastjóri@gogg.is; Hulda Kristjánsdóttir; sylvia@skeidgnup.is; skeidgnup@skeidgnup.is
Subject: Boð um þátttöku í verkefninu „Snemmtæk íhlutun í leikskóla með áherslu á málþroska og læsi“
Attachments: Bréf til sveitarstjóra í Árnesþingi.pdf; Boð um þátttöku - leikskólastjórar.pdf

Sælir kæru sveitastjórar.

Það er mér ánægja að senda ykkur meðfylgjandi bréf þar sem ykkar skólaþjónusta er boðið að taka þátt í verkefninu Snemmtæk íhlutun með áherslu á málþroska og læsi.

Ekki hika við að hafa samband ef einhverjar spurningar vakna.

Kær kveðja,

Katrín Ósk Þráinsdóttir

Sérfræðingur á sviði málþroska og læsis | Matssvið

Literacy Specialist | Evaluation and Testing

Víkurbvarf 3

Sími Tel.: +354 514-7500



**Miðstöð menntunar
og skólaþjónustu**

Kópavogi, 27. maí 2024

Tilvísun: 202405-0081

Boð um þátttöku í verkefninu „Snemmtæk íhlutun í leikskóla með áherslu á málþroska og læsi“

Ágæti leikskólastjóri.

Við hjá nýrri Miðstöð menntunar og skólaþjónustu (MMS) erum í óða önn að skipuleggja þá þjónustu sem við viljum bjóða sveitarfélögum og skólasamfélaginu upp á. Eitt þeirra verkefna sem fellur undir slíka þjónustu er *Snemmtæk íhlutun í leikskóla með áherslu á málþroska og læsi (SÍ)*, sem hefur það megin markmið að valdefla starfsfólk leikskóla í að beita aðferðum snemmtæktrar íhlutunar á sviði málþroska og læsis.

SÍ verkefnið byggir á þróunarverkefni Ásthildar Bj. Snorradóttur talmeinafræðings og hefur þegar verið innleitt í nokkrum sveitarfélögum á landinu. Helstu verkþættir SÍ verkefnisins felast í því að efla markvissa málörvun í daglegu starfi, stuðla að betri og markvissari nýtingu á málörvunarefni, skerpa á verkferlum í kjölfar mats og stuðla að samvinnu leikskóla við foreldra, sérfræðinga og grunnskóla. Á meðan á verkefninu stendur vinna þátttakendur einnig handbók sem rammur inn ofangreinda þætti, byggða á hugmyndafræði og skólanámskrá hvers og eins leikskóla.

Í upphafi verkefnisins er skriflegur samningur gerður á milli sveitarfélagsins/sveitarfélaganna og MMS, en með því skuldbindur sveitarfélag sig til að styðja við þátttöku sinna leikskóla í verkefninu. Að öðru leyti er verkefnið sveitarfélaginu að kostnaðarlausu. Innleiðing verkefnisins er eitt skólaár, auk þess sem boðið er upp á eftirfylgni til tveggja ára. Áhersla er lögð á að allir leikskólar á skólaþjónustusvæði taki þátt. Allt starfsfólk leikskólanna er virkjað í verkefninu en tveir lykilaðilar eru síðan valdir til þess að leiða verkefnið í hverjum leikskóla. Hlutverk skólaþjónustu sveitarfélags er að halda utan um verkefnið í samvinnu við verkefnisstjóra frá MMS og vera lykilaðilunum til aðstoðar. Talmeinafræðingur frá MMS sér um fræðslu til starfsfólks leikskóla ásamt verkefnisstjóra og eru skólaþjónustu til stuðnings eins og þurfa þykir.

Í byrjun þessa árs voru áhrif SÍ verkefnisins á starfshætti leikskóla metin og voru niðurstöður afar jákvæðar. Því er okkur mikil ánægja að geta boðið sveitarfélögum upp á verkefnið áfram. Áætlað er að hefja samstarf við eina skólaþjónustu í ágúst og ykkar skólaþjónusta hefur fengið boð um þátttöku en taka þarf ákvörðun fyrir 18. júní svo hægt sé að hefja undirbúning síðari hluta júnímánaðar.

Ykkur velkomið að hafa samband við undirritaða ef þið óskið frekari upplýsinga.

Með góðri kveðju,
Katrín Ósk Þráinsdóttir

Víkurhvarfi 3 - 203 Kópavogi - 514 7500 - postur@mms.is - www.mms.is



Hér má lesa um málefnið sem verða kynnt á Teams fundi í maí.

1. Öll hreyfiúrræði 60+ á einn stað

Samstarfsverkefni: Í lok janúarmánaðar hófst samstarf verkefnastjóra frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu, Landssambandi eldri borgara, Íþróttá- og Ólympíusambandi Íslands, embætti landlæknis og Þróunarmiðstöð Íslenskrar heilsugæslu. Samstarfsverkefnið er sprottið út frá hluta af aðgerðaráætlun verkefnisins Gott að eldast (B1, C1 og C3) og Bjartur lífsstíll.

Hreyfiframboð 60+: Ætlunin er að birta upplýsingar um framboð hreyfiúrræða á landsvísu á einum stað. Um er að ræða vefsíðuna *island.is* sem mun brúa bilið á milli þeirra sem leita eftir þjónustu og þeirra sem standa fyrir hreyfiframboðum.

Ávinningur: Með því að birta skilvirkar upplýsingar um hreyfingu á einum stað getur ávinningurinn orðið margþættur, sem dæmi;

- Fólk 60+ getur fundið hreyfingu við sitt hæfi í sínu nærumhverfi
- Fagaðilar geta vísað fólki í viðeigandi þjálfun
- Þjónustuaðila koma sínum úrræðum á framfæri

2. Gagnlegar upplýsingar fyrir alla þjálfara/leiðbeinendur

„Módel“: Í smíðum er módel sem gæti orðið gagnlegt fyrir þjálfara og leiðbeinendur sem standa fyrir hreyfiúrræðum fyrir 60+

Markmið: Aðstoða þjálfara og leiðbeinendur sem geta valið um eftirfarandi:

1. Hvernig má viðhalda góðum hreyfiúrræðum
2. Hvernig má efla núverandi hreyfiúrræði
3. Hvernig má búa til ný hreyfiúrræði

Þú mátt gjarnan láta vita af þessari kynningu. Um er að ræða aðila sem þú telur að hafi gagn af að hlusta á kynninguna. Þá er sjálfsagt mál að þú áframsendir póstinn svo fleiri geti skráð sig [hér!](#)

Kær kveðja,

Verkefnastjórar heilsuefningar 60+

Ásgerður Guðmundsdóttir

sjúkráþjálfari og íþróttakennari, starfsmaður Landssambands eldri borgara (LEB)

Margrét Regína Grétarsdóttir

Íþróttáfræðingur, starfsmaður Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí)

HEILSUEFLING ELDRI BORGARA

Samstarfsverkefni LEB og ÍSí ● Íþróttamiðstöðinni í Laugardal ● Engjavegi 6 ● 104 Reykjavík

Hulda Kristjánsdóttir

From: Samráðsgátt <noreply@island.is>
Sent: föstudagur, 24. maí 2024 16:30
To: Sveitarstjóri Flóahrepps
Subject: Boð um þátttöku í samráði: Hvítbók í málefnum innflytjenda

Ágæti viðtakandi.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 109/2024 - „Hvítbók í málefnum innflytjenda“. Með þessum tölvupósti er þér/ykkur sérstaklega boðið að taka þátt.

Umsagnarfrestur er til og með 21.06.2024. [Smelltu hér til að skoða málið nánar/sendu inn umsögn.](#)

Boð um umsögn er sent til hagsmunaaðila en öllum er frjálst að taka þátt í samráðinu.

Niðurstöður samráðsins verða birtar í gáttinni þegar unnið hefur verið úr þeim ábendingum og athugasemdum sem bárust.

Virðingarfyllst.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið/Samradsgatt.is

Hulda Kristjánsdóttir

From: Sigrún Helga Sigurjónsdóttir <sigrunhelga@althingi.is>
Sent: miðvikudagur, 22. maí 2024 15:16
Subject: Til umsagnar 1036. mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis

22. maí 2024

Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um ferðamálastefnu og aðgerðaáætlun til ársins 2030, [1036. mál](#)

Umsagnaraðilar geta sent umsögn í gegnum umsagnagátt Alþingis: umsagnir.althingi.is. Verði því ekki við komið er einnig mögulegt að senda umsagnir á umsagnir@althingi.is.

Frestur til að senda inn umsögn er **til og með 5. júní** nk.

Tekið skal fram að þeim sem fá mál til umsagnar er ekki skylt að bregðast við og ekki þarf að senda sérstaka tilkynningu ef engar athugasemdir eru.

Umsagnir og gögn um þingmálið birtast á vef Alþingis undir **erindi og umsagnir** á síðu viðkomandi þingmáls.

[Leiðbeiningar um ritun umsagna](#) er að finna á vef Alþingis.

Kveðja,



Sigrún Helga Sigurjónsdóttir

Sérfræðingur

Stoðteymi

Nefnda- og greiningarsvið

☎6934479



GRÆN SKREF

Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda.

[Fyrirvari/Disclaimer](#)

Hulda Kristjánsdóttir

From: Sigrún Helga Sigurjónsdóttir <sigrunhelga@althingi.is>
Sent: mánudagur, 13. maí 2024 09:44
Subject: Til umsagnar 925. mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis

Athugið, umsagnarbeiðninni er beint bæði til sveitarfélaganna og félagsþjónustum sveitarfélaganna.
Kv. Sigrún Helga

13. maí 2024
Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um lögræðislög (nauðungarvistanir, yfirlögráðendur o.fl.), [925. mál](#)

Umsagnaraðilar geta sent umsögn í gegnum **umsagnagátt Alþingis**: umsagnir.althingi.is. Verði því ekki við komið er einnig mögulegt að senda umsagnir á umsagnir@althingi.is Frestur til að senda inn umsögn er **til og með 27. maí nk**.

Tekið skal fram að þeim sem fá mál til umsagnar er ekki skylt að bregðast við og ekki þarf að senda sérstaka tilkynningu ef engar athugasemdir eru.

Umsagnir og gögn um þingmálið birtast á vef Alþingis undir **erindi og umsagnir** á síðu viðkomandi þingmáls.

[Leiðbeiningar um ritun umsagna](#) er að finna á vef Alþingis.

Kveðja,



Sigrún Helga Sigurjónsdóttir

Sérfræðingur

Stoðteymi

Nefnda- og greiningarsvið

☎6934479



GRÆN SKREF

Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda.

[Fyrirvari/Disclaimer](#)